

56 Einkunnir verða 11 alls: 5 í aðalgreininni (1 einkunn fyrir fyrri heimaritgerð-
27. ágúst ina í sögu og 4 einkunnir á lokaprófi) og 6 í aukagreininum, 1 einkunn fyrir hvert
prófstig í hvorri grein. Enginn stenzst prófið, ef hann nær ekki einkunninni „miður
vel“ að meðaltali í hverri grein um sig.

6. gr.

Úr 52. gr. falli niður töluliðirnir: 1. Íslenzka, 10. Íslandssaga og 11. Íslandssaga
og mannkynssaga. Töluliðirnir breytast samkvæmt því.

Þetta tilkynnist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 27. ágúst 1952.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Jóhannes Eliasson.

57
4. sept.

FORSETA BRÉF

um að reglulegt Alþingi 1952 skuli koma saman til fundar miðvikudaginn
1. október 1952.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1952
skuli koma saman til fundar miðvikudaginn 1. október n. k.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma
nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðspjónustu í
dómkirkjunni, er hefst kl. 13,30.

Gjört að Bessastöðum, 4. september 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

58
10 sept.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um manntal 16. október 1952.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Félagsmálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess, að nú er
verið að vinna að stofnun spjaldskrár yfir alla landsmenn, þurfi manntal
þessa árs nauðsynlega að fara fram á sama tíma um allt land, og sömuleiðis
þurfi tilhögun manntalsins að vera hin sama alls staðar og miðuð við gerð
hinnar fyrirhuguðu spjaldskrár. Til þess að spjaldskrá þessi geti komið að
notum á næsta ári, má manntalið 1952 ekki fara fram síðar en um miðjan
októbermánuð. Getur það ekki orðið, nema undirbúningi manntalsins sé